

**Nd.**

**191. Frumvarp**

til laga um takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

Takmörk verslunarlóðarinnar á Sauðárkróki skulu vera þau, er hjer segir:  
Að norðan Gönguskarðsá, að vestan Nafabrún frá Gönguskarðsá að Sauða í Sauðárgili, að sunnan bein lína úr Sauðárgili til sjávar, þar sem eru landamerki Sauðár og Sjávarborgar, og að austan sjávarströndin.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir beiðni hreppsnefndar Sauðárkrókshrepps, og er ástæðan til þess sú, að hús hafa verið reist utan verslunarlóðarinnar, sem nú nær eigi lengra í suður en að Sauðárósi og þaðan beint til vesturs á Nafabrún. Á hinni núverandi verslunarlóð eru því nær allar lóðir leigðar, svo að þeim, er reisa vilja hús á Sauðárkróki, er venjulegast að eins sá kostur fyrir hendi að reisa þau utan verslunarlóðarinnar.